

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

Fundur 29. apríl 2012

4. fundur

Staðsetning: Cafe Milano, 20:30 – 22:00

Mættir: Arnar Bill, Kristján, Sigurður, Þórir og Úlfar
Boðuð forföll: Ómar og Theodór

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Bikarráðstefna 2012

Ákveðið að reyna að vera með ráðstefnu báða bikarúrslitadagana, 18. og 25. ágúst. Leikir eru kl 16.00 og er planið að byrja eftir hádegismat og vera fram að leik. Lars Lagerback er klár og ákveðið að ræða við Heimi Hallgríms um að fjalla um liðin í leiknum og fá Gunnar landsliðsþjálfara u17 til að segja frá lokakeppninni í Slóveníu. Ákveðið að Arnar Bill ræði við Sigga Ragga um útlendan fyrirlesara kvennamegin. Fá A landsliðsþjálfarana til að fjalla um liðin.

3. Ajax ráðstefna

Mikill áhugi fyrir því að fá Ajax aftur til landsins. Tímasetningin þarf að henta sem og að fjármögnu þarf að vera klár. Ákveðið að Úlfar ræði við Ajax menn um að koma hugsanlega aftur á vor mánuðum 2013 og þá hugsanlega með sérhæfða ráðstefnu um tæknikennslu fyrir 12 ára og yngri, 7 manna boltinn.

4. Elite Soccer

Ánægja með blaðið og tilboðið gott en það hentar ekki öllum félagsmönnum og því er ákveðið að Úlfar ræði við þá um að fá kynningareintök og félagsmenn geti svo sjálfir haft samband við útgáfuna.

5. Norræn þjálfararáðstefna

Stefnt er að halda hana langa helgi í Dortmund í desember 2012. KþÍ ætlar að vera með en formaður fær það verkefni að ræða við Teddy Moen um dagskrá, áherslur og fjölda.

6. Önnur mál

- a) Lávarðadeild. Ákveðið að Þórir Bergs verði í sambandi við forvígismenn. Ákveðið að formaður tali við KSÍ um að vera með í því að búa til „hitting“ í kringum heimalandsleik.
- b) Rætt um hvaða hlutverki nefndir og starfshópar hjá KSÍ sinni og hvort KþÍ eiga að vera með fulltrúa í þeim. Hæfileikanefnd, Þjálfaranefnd, starfshópur um aldursskiptingu, starfshópur um keppni í 5 manna liðum.

Úlfar Hinriksson
ritari